



SOS BARNABÖRPIN

Öll börn vilja gott heimili

**Hvert fóru
framlögin 2018?**



Erum ekki stofnun



Erfðagjöf Önnu



**Ekki enda
allar sögur vel**


**Bogi hefur verið
styrktarforeldri
Ísaks í 17 ár**

*„Bréfin og myndirnar gera
stuðninginn persónulegri“*


SOS Barnaþorpin í 70 ár

Um fjórar milljónir barna og ungmenna frá upphafi

Fjöldi barna hjálpað í barnaþorpum




Fjöldi barna hjálpað í fjölskylduefingu



SOS Barnaþorpin, stærstu sjálfstæðu barnahjálparsamtök í heimi, fagna 70 ára afmæli á þessu ári, 2019. Á þessum 70 árum höfum við hjálpað fjórum milljónum barna og ungmenna að rjúfa víthring aðskilnaðar og fátæktar.

Barnaþorp

2019




~74.000

Samtökin voru stofnuð til að bregðast við mikilli neyð eftir seinni heimsstyrjöldina sem skildi eftir sig mikinn fjölda munaðarlausra barna. Í dag búa um 74 þúsund börn og ungmenni í 559 barnaþorpum í 135 löndum.

Fjölskylduefning

2019



~330.000

SOS Barnaþorpin settu á laggirnar Fjölskylduefningu um miðjan áttunda áratuginn til að hjálpa berskjölduðum fjölskyldum í sárafátækt og koma í veg fyrir aðskilnað barna við foreldra sína. Í dag hjálpum við 330.000 börnum og ungmennum í gegnum Fjölskylduefningu á 500 stöðum í heiminum.



Eitt þúsund krónur verða að fimm þúsund

Ávinningurinn af starfi SOS Barnaþorpanna er mikill því framlögin hafa margfeldisáhrif út í samfélagið. Þau skapa tekjur fyrir forráðafólk barnanna sem síðar á lífsleiðinni njóta góðs af ástríku uppeldi og menntun og fá mannsæmandi laun til að geta séð fyrir næstu kynslóð barna.

Fyrir hvert eitt þúsund króna framlag SOS-styrktarforeldris fær samfélagið 5 þúsund krónur til baka.*

*Útreikningar sem gerðir voru fyrir skýrsluna „70 Years of Impact“ eða „Áhrif í 70 ár“ í tilefni 70 ára afmælis SOS Barnaþorpanna.



Útgefandi
SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ritstjóri
Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðamaður
Ragnar Schram

Höfundar efnis
Hans Steinar Bjarnason
Ragnar Schram

Prófarkarlestur
Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Ljósmyndir
Hans Steinar Bjarnason
Kristinn Magnússon
Ragnar Schram
Sigtryggur Ari Jóhannsson
SOS Children's Villages

Umbrot
Halldór Elías Guðmundsson

Prentun
Oddi

Fréttablað SOS Barnaþorpanna kemur út þrisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjárflyun.

SOS BARNAPORPIN
Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 5642910
Netfang sos@sos.is
Heimasíða www.sos.is

[sos.barnathorpin](https://www.facebook.com/sos.barnathorpin)
[@sosbarnathorpin](https://www.instagram.com/sosbarnathorpin)

Ávarp framkvæmdastjóra



Hér kemur þú til sögunnar

Heimurinn á við mörg vandamál að stríða. Eitt þeirra er þetta:

Milljónir barna eiga engan að

Þau eiga ekki foreldra á lífi sem geta veitt þeim þá hlýju og umhyggju sem þau þurfa svo nauðsynlega. Við vitum öll af þessu vandamáli og okkur finnst ekki gott að vita af ungum börnum úti í heimi sem þurfa að bjarga sér sjálf og eru auðveld fórnarlömb glæpamanna.

Hér kemur þú til sögunnar

Þú getur bjargað barni og gefið því það sem það þráir mest af öllu: Fjölskyldu og gott heimili. Þitt framlag gerir okkur kleift að sjá barni fyrir foreldri og fjölskyldu í barnaþorpi þar sem barnið fær að blómstra – vegna þíns stuðnings. SOS Barnaþorpin hafa áratuga reynslu og hafa komið tugum þúsunda munaðarlausra barna til manns.

Ekki gera ekki neitt

Framtíð barnanna og arfleifð okkar veltur á því hvað við gerum. Þú gerist styrktarforeldri eða fjölskylduvinur á heimasíðu okkar www.sos.is. Þannig hefur þú bein áhrif á líf barns/barna í neyð. Þú getur svo margfaldað áhrif þín með því að hvetja vini þína til að hjálpa líka barni/börnum og taka þannig þátt í að gera heiminn betri – fyrir okkur öll!

Takk fyrir að vera hluti af lausninni!

Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi





Ekki enda allar sögur vel

Tilgangur fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína og hjálpa þeim að mæta þörfum barnanna. Fyrsta slíka verkefnið sem SOS á Íslandi fjármagnaði var í Vestur-Afríkukríkinu Gíneu Bissá frá 2013 til ársloka 2015. Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS, fór í fyrstu eftirlitsferðina þangað árið 2013 og hitti þar mæðgurnar Öldu og Kötu sem við sögðum frá í fréttablöðum okkar á þeim tíma. Nú árið 2019 höfum við frá sorglegum örlögum þeirra mæðgna að segja.



Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS, hitti mæðgurnar Öldu og Kötu árið 2013.

Vildi drepa dóttur sína

En fyrst skulum við rifja upp sögu þeirra. Kata veiktist alvarlega þegar hún var þriggja ára og lamaðist í kjölfarið. Pabbi Kötu vildi losa sig við stúlkuna eða taka hana af lífi því mikil skömm fylgdi því að eiga fatlað barn. Alda, móðir Kötu tók það ekki mál og svo fór að maðurinn yfirgaf fjölskylduna. Eftir stóð Alda heimilislaus, einstæð móðir með fimm börn, þar af eitt fatlað.

Fordómar í garð fatlaðra hröktu þau burt

Öldu og Kötu mætti mikið mótlæti frá samfélaginu vegna fordóma gagnvart fötludum og hraktist fjölskyldan úr hverju leiguhúsnæðinu á fætur öðru af þeim sökum. Loks komst hún í skjól í Fjölskyldueflingu SOS sem fjármögnuð var af SOS á Íslandi og fjölskyldan flutti í lítið herbergi.

Fengu íbúð með aðstoð Íslendinga

Fyrir tilstilli SOS á Íslandi fékk Alda styrk til kaupa á íbúð árið 2016 og var hluti af íslensku erfðagjöf notaður sem styrkur til íbúðar kaupanna. Gott útlit var fyrir að Alda yrði fjárhagslega sjálfstæð og gæti mætt grunnþörfum barna sinna án utanaðkomandi aðstoðar. Kata litla fékk líka hjólastól sem auðveldaði henni lífið mikið.

Létust með rúmlega árs millibili

En ógæfan skall á í mars 2018 þegar Alda veiktist skyndilega og hún lést innan við mánuði síðar. Þetta var mikið áfall fyrir börnin en þó mest fyrir Kötu litlu sem var mjög háð móður sinni. Yfir hana helltist mikið þunglyndi, hún missti matarlyst og svo fór að Kata lést þann 11. ágúst 2018 vegna vannæringar.

Lífið heldur áfram

Eftirlifandi börn Öldu erfðu húsið og búa þar áfram. Fjölskyldueflingunni er lokið en með þeirri aðstoð náðu



systkinin að koma sér á réttan kjöl. Elsta systkinið, Tómas, er múrari og aflar tekna fyrir heimilið. Með því getur hann borgað skólagjöld yngri systra sinna sem sjá um heimilishaldið. Þá þéna þau aukatekjur með því að leigja út hluta af húsinu.

Þessi unga fjölskylda stendur saman í að komast yfir sorgina. Lífið heldur áfram og systkinin eru staðráðin í að nýta sér þessa aðstoð frá Íslandi til að byggja sér bjarta framtíð.

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna í dag þrjú fjölskyldueflingarverkefni, í Eþíópíu, Perú og á Filippseyjum.

VERTU FJÖLSKYLDUVINUR - SKRÁNING Á SOS.IS

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á

Erum ekki stofnun

Undanfarin ár og áratugi hefur farið fram afstofnana-væðing* um allan heim. Þeirri vitundarvakningu fylgir m.a. lokun munaðarleysingjaheimila og annarra stofnana þar sem börn hafa verið geymd. SOS Barnaþorpin styðja þessa vakningu og vilja að börn fái búið við kjöraðstæður í fjölskyldum. Svo rammt hefur þó kveðið að þessari afstofnanavæðingu að sumir hafa viljað loka SOS barnaþorpum og senda öll börnin til náinna ættingja. Slíkt getur þó haft neikvæð áhrif á börnin, enda yrðu þau þá rifin upp með rótum úr þeim fjölskyldum sem þau eiga í barnaþorpunum og vilja alls ekki yfirgefa.

SOS Barnaþorpin eru eins langt frá því að vera stofnun og hugsast getur, eða það segja a.m.k. börnin sem alist hafa upp í barnaþorpunum. En það er á okkar ábyrgð að upplýsa þá sem halda annað og sýna þeim það. Fjöldi Íslendinga og styrktarforeldra frá öðrum löndum hefur heimsótt SOS Barnaþorp og séð að SOS fjölskyldan er samheldin fjölskylda sem undirbýr börnin fyrir sjálfstætt líf fullorðinsáranna.



Við erum styrktaraðilum okkar ævinlega þakklát fyrir að standa við bakið á því merka starfi sem fram fer í SOS Barnaþorpunum um víða veröld.

SOS Barnaþorpin á Íslandi

*Um er að ræða það ferli þegar unnið er að lokun stofnana sem sinna uppeldi barna, en flestar þeirra eru stór heimili þar sem börnin fá ekki öllum grunnþörfum sínum mætt.

Bogi hefur verið styrktarforeldri Ísaks í 17 ár

Bogi Ágústsson, fréttamaður hjá RÚV, hefur verið SOS-styrktarforeldri í 17 ár og fylgst með uppveiti styrktarsonar síns í SOS barnaþorpi í Epíopíu frá því barnið var eins árs.

Bogi kveðst ekki hafa gert ráð fyrir að fylgjast með uppveiti pilsins, sem nú er orðinn 18 ára, en þegar myndir og bréf með fréttum af honum fóru að berast hafi stuðningurinn til SOS orðið persónulegri.



Ljósmyndir af Boga: Sigtryggur Ari Jóhannsson.

Danskur fréttamaður fræddi Boga um SOS

Það var árið 2002 sem Bogi og eiginkona hans, Jónína María Kristjánsdóttir, kennari, ákváðu að gerast SOS-styrktarforeldrar. Bogi hafði þá lengi vitað af tilvist SOS Barnaþorpanna án þess þó að gera sér ítarlega grein fyrir starfsemi samtakanna. Henni kynntist hann nánar gegnum góðvin sinn hjá danska ríkisútvarpinu sem hætti í starfi fréttamanns þar til að gerast upplýsingafulltrúi hjá SOS Barnaþorpunum í Danmörku.

Ætluðu ekki að fylgjast með styrktarbarninu

Bogi segir að þau hjón hafi lengi haft áform um að gerast SOS-styrktarforeldrar áður en þau létu loks verða af því. „Við höfðum engar óskir um hvort það yrði strákur eða stelpa eða í hvaða landi. Við létum það algerlega í hendur SOS Barnaþorpanna sem völdu lítinn strák í Epíopíu fyrir okkur og við höfum síðan fylgst með honum,“ segir Bogi en það var reyndar ekki ætlun þeirra hjóna að fylgjast nánar með þessari ráðstöfun á mánaðarlegum styrk þeirra til SOS.

„Ég sagði upphaflega við SOS; þið þurfið hvorki að eyða frímerkjum, pening eða tíma í að láta mig vita. Ég treysti ykkur fullkomlega fyrir þessu litla mánaðarlega framlagi. Ég vil bara að sá peningur nýtist sem allra best.“

Bréfin og myndirnar gera stuðninginn persónulegri

En svo fóru Boga að berast myndir af stráknum, Ísaki, og bréf með fréttum af uppveiti hans í barnaþorpinu.

„Petta eru fátæk ríki og íslenska krónan, sem margir segja að sé mikill aumingi, hún er risi þarna.“

„Það gerir þetta að sjálfsögðu persónulegra. Í stað þess að styrkja samtök þá hefurðu það á tilfinningunni að þú sért að styrkja einstakling. Við gerum

okkur grein fyrir því að við erum ekki einu styrktarforeldrar hans en við vitum að okkar litla framlag skiptir máli þegar það er komið alla leið til Epíopíu. Það gildir um langflest lönd þar sem SOS barnaþorp eru. Petta eru fátæk ríki og íslenska krónan sem margir segja að sé mikill aumingi, hún er risi þarna.“

Handskrifuð kort frá Ísaki

Eftir því sem árin liðu fékk Bogi handskrifaðar kveðjur í jólakortum frá Ísaki og það hefur fært þeim hjónum



„Það hefur verið mjög gaman að því að fylgjast með honum vaxa úr grasi og verða þessi myndarpiltur,“ segir Bogi.

mikla ánægju að fylgjast með uppveiti hans. „Það hefur verið mjög ánægjulegt. Honum hefur gengið vel í skóla og er kominn í menntaskóla núna. Það hefur verið mjög gaman að því að fylgjast með honum vaxa úr grasi og verða þessi myndarpiltur.“

Hengir upp mynd af Ísaki eins og sínum eigin börnum og barnabörnum

Börn þeirra Boga og Jónínu hafa alltaf verið meðvituð um að foreldrar þeirra séu að styrkja barn úti í heimi. „Þau hafa séð myndir af honum, ég hef stillt upp myndum af honum og er með eina slíka í vinnunni hjá mér, eins og af mínum eigin börnum og barnabörnum,“ segir Bogi og bætir við að það sé sýnileg áminning um að það séu margir sem hafi það miklu verra en Íslendingar.

Ísland í forréttindastöðu

„Auðvitað veit ég að það eru margir á Íslandi sem búa ekki við nægilega góðar aðstæður en við sem þjóð erum hin heppnu. Við erum meðal þessarra ríku 5 prósentu í heiminum. Við búum við kjör sem 95% í heiminum myndu gjarnan vilja búa við. Okkur sem erum svo heppin að geta það ber beinlínis skylda til að láta eitthvað af hendi rakna til þeirra sem minna mega sín. Þótt þetta sé ekki há upphæð þá nýtist hún afskaplega vel þegar hún er komin á áfangastað.“

Vill að greiðslur fyrir ræðuhöld renni til SOS Barnaþorpanna

Bogi lætur ekki staðar numið við að vera SOS-styrktarforeldri og notar fleiri tilefni til að veita umkomulausum börnum ástríkt heimili, fjölskyldu og bjarta framtíð í gegnum SOS Barnaþorpin.

„Ég hef stundum verið beðinn um að flytja kveðjur eða gamanmál við ýmis tækifæri hjá fólki sem ég þekki ekki, kannski í brúðkaupum eða fermingarveislum. Stundum hefur fólk boðið mér greiðslu fyrir en ég tek ekki greiðslu fyrir það. Í stað þess að þiggja hana bendi ég fólki á að greiða upphæð að eigin vali til SOS Barnaþorpanna. Ég legg það frekar í hendur hvers og eins hvað hann er til í að greiða

fyrir það. Mér finnst peningunum miklu betur varið hjá einhverjum sem þarf meira á þeim að halda.“

Yljari manni um hjartarætur

Að lokum vill Bogi ítreka við landsmenn að þó hér búi ekki allir við allsnægtir þá búum við í allsnægtasamfélagi sem við eigum að vera þakklát fyrir. „Við eigum að þakka fyrir hvað við höfum það gott. Það yljari manni um hjartarætur að vita það að þessi litla upphæð kemur að gagni og hjálpar öðrum.“


Eftir Hans Steinar Bjarnason



Hvert fóru framlögin 2018?

10.892 mánaðarlegir styrktaraðilar (31. desember 2018)

8.919 Styrktarforeldrar - 655 Barnþorpsvinir - 1.318 Fjölskylduvinir



450 milljónir frá mánaðarlegum styrktaraðilum

Mánaðarlegir styrktaraðilar SOS Barnþorpanna á Íslandi hafa aldrei verið fleiri eða um 11 þúsund og er það 5% aukning frá árinu 2017. Framlög þeirra námu 450 milljónum króna. Þar af 18 milljónir króna frá Fjölskylduvinum.

Flestir styrkja á Indlandi

Heildarframlög Styrktarforeldra og Barnþorpsvina námu 432 milljónum króna. Sem fyrr trónir Indland langefst á lista yfir þau lönd sem Íslendingar styrkja börn og barnþorp í. Framlög til Indlands námu rúmlega 38 milljónum króna samanborið við rúmar 16 milljónir króna til Síurlands sem er í 2. sæti. Á meðfylgjandi korti má sjá hvernig framlögin skiptast eftir 50 efstu löndunum en alls styrkja Íslendingar börn og þorp í 107 löndum.

1 Indland	38.091.330	11 Tansanía	8.135.894	21 Kambodía	6.072.100	31 Víetnam	4.357.200	41 Ungverjaland	3.423.250
2 Síurland	16.236.200	12 Gana	8.016.300	22 Búrkína Fasó	5.712.659	32 Tailand	4.198.484	42 Mexíkó	3.343.950
3 Sambía	14.526.060	13 Gínea-Bissá	7.522.800	23 Bangladess	5.643.950	33 Sómalía	4.033.350	43 Hvíta-Rússl.	3.300.150
4 Nepal	13.468.315	14 Fílabeinströndin	7.311.650	24 Líbería	5.505.650	34 Bosnía	4.020.400	44 Kosta Ríka	3.233.550
5 Kongó	11.191.800	15 Simbabve	7.208.700	25 Gambía	5.465.500	35 Sómalíland	4.012.580	45 Mósambík	3.221.196
6 Kenía	11.000.550	16 Senegal	6.903.950	26 Srí Lanka	5.348.250	36 Indónesía	3.872.400	46 Palestína	3.094.950
7 Bólívía	10.461.350	17 Filippseyjar	6.883.000	27 Perú	5.041.950	37 Armenía	3.695.700	47 Síle	3.077.958
8 Eþíópía	10.397.750	18 Nígíría	6.833.750	28 Botsvana	4.745.400	38 Tíbet	3.692.200	48 Gvatemala	3.074.461
9 Malí	9.310.850	19 Burundi	6.256.950	29 Kína	4.643.850	39 Rúanda	3.667.550	49 Benín	3.050.800
10 Úganda	8.531.650	20 Malaví	6.116.650	30 Haítí	4.585.800	40 Laos	3.567.300	50 Rússland	3.046.650

Heildarskiptingu framlaganna má sjá á gagnvirku Google korti á heimasíðu okkar sos.is.



Sólin lék við Sólblómaleikskólana

Hin árlega Sólblómahátíð SOS Barnaþorpanna var haldin í sól og blíðu í Kópavogi í byrjun sumars. Þar komu saman um 200 börn úr sjö leikskólum á höfuðborgarsvæðinu sem eru í hópi Sólblómaleikskóla SOS.

Leikskólabörnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og sjá hversu mikilvægt það er að

bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja sjálf.

Sólblómaleikskólar styrkja annað hvort eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styðja við samtökin á annan hátt. Sólblómið er tákn verkefnisins enda eru sólblóm og börn ekki svo ólík, þau þarfnast bæði umhyggju og næringar til að vaxa og dafna.



Leikhópurinn Lotta kom á Sólblómahátíðina og skemmti börnunum með leik og söng.



Börn á Sólblómaleikskólum ferðuðust í huganum til Afríku og heyrðu sögur af börnum í SOS barnaþorpum.



Börnin á hátíðinni gengu syngjandi um nágrenni Salarins veifandi litríkum blöðrum.



SOS heiðrar TINNU, fjölskylduefningu í Breiðholti

Verkefnisstjóri TINNU er Púriður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi. Ásamt henni á myndinni eru Marta Joy Hermannsdóttir, Hildigunnur Magnúsdóttir og Diljá Kristjánsdóttir. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra afhenti þeim viðurkenninguna fyrir hönd SOS Barnaþorpanna.

TINNA, fjölskylduefning í Breiðholti á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, hlaut Fjölskylduviðurkenningu SOS Barnaþorpanna á Íslandi 2019. Viðurkenningin var nú veitt fjórða árið í röð á alþjóðlegum degi fjölskyldunnar til að heiðra og vekja athygli á framúrskarandi góðu starfi hér á landi í þágu barnafjölskyldna.

TINNA er tilraunaverkefni sem sett var á laggirnar árið 2016 í samvinnu við Velferðarráðuneytið. Verkefnið heyrir undir þjónustumiðstöð Breiðholts og er staðsett

í fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi. Tilgangur TINNU-verkefnisins er að auka lífsgæði foreldra og barna, rjúfa vítahring fátæktar og um leið félagslega arfinn þ.e. að auka líkurnar á að börnum þessara foreldra vegni betur í framtíðinni en foreldrunum.

Fjölskylduefning er einn af stærstu þáttunum í starfsemi SOS Barnaþorpanna og hefur komið í veg fyrir aðskilnað hundruð þúsunda barna frá foreldrum sínum í 126 löndum.

„Ég var að gefast upp á lífinu“

Hafrún Ósk er einn af fyrstu skjólstaðingum TINNU sem útskrifaðist úr verkefninu á síðasta ári. Hún er einstæð móðir 10 ára drengs og segir að TINNA hafi bjargað þeim mæðginum. Hún flutti tilfinningaþrungna ræðu við athöfnina og sagði reynslusögu sína í viðtali við heimasíðu okkar sos.is.

„Ástæðan fyrir því að ég ákvað að leita til TINNU er að ég var í rauninni að gefast upp á lífinu. Áður en ég byrjaði í TINNU var ég alveg sjúklega þunglynd og átti erfitt með að dila við lífið. Stráknum mínum leið illa og sambandið á milli okkar var mjög stirt. En í dag líður mér rosalega vel og ég er andlega meira tilbúin í lífið. Strákurinn minn æfir körfubolta, gengur vel í skólanum, er mjög ánægður með lífið og samband okkar er miklu nánara en það var.“



Hafrún er hér við hlið ráðherra á athöfninni í Salnum.



Íslendingar hjálpa ungmennum í Sómalíu að fá vinnu

Eitt af verkefnum SOS á Íslandi er, með stuðningi Utanríkisráðuneytisins og frjálsra framlaga styrktaraðila SOS, að fjármagna atvinnuhjálp fyrir ungmenni í Sómalíu og Sómalílandi. Verkefnið nefnist TNE „The Next Economy“ og stendur yfir í Mogadishu og Hargeisa. Það snýst um að þjálfa ungt atvinnulaust fólk til atvinnuþátttöku, bæði þannig að það geti sótt um vinnu og/eða stofnað sinn eigin atvinnurekstur og að koma ungmennum að í starfsnámi hjá samstarfsfyrirtækjum.

Þriðjungur barna býr við sárafátækt

Þrátt fyrir uppgang í efnahag Afríku undanfarin 15 ár virðast atvinnutækifærin ekki rata í hendur stórs hluta 420 milljóna ungmenna álfunnar. Sómalska þjóðin er enn að ná sér á strik eftir áratuga ófrið og óstöðugleika og helmingur þjóðarinnar lifir undir fátæktarmörkum. Einn þriðji hluti barna í landinu býr við sárafátækt.



21 árs með 12 manns í vinnu

Asiya Saed ákvað að leita sér að vinnu eftir að hún lauk gagnfræðinámi í Sómalílandi fyrir fjórum árum en hún vissi ekkert hvert hún átti að snúa sér.



Asiya Saed er 21 árs frá Sómalílandi.

„Ég rakst allstaðar á vegg. Ég komst að því að það vantaði t.d. alveg miðstöð sem hjálpar atvinnuleitendum að útbúa ferilsskrá og í raun vantaði alla tengingu atvinnuleitenda við vinnumarkaðinn,“ segir Asiya sem í framhaldinu sótti um að komast í TNE.

Þetta gjörbreytti lífi Asiyu sem í dag er 21 árs eigandi fyrirtækis með 12 manns í vinnu. „Ég stofnaði 2DOON, atvinnumiðlun sem hefur þegar dregið úr atvinnuleysi. Við erum að hjálpa ungu fólki að gera atvinnuumsóknir og koma á tengslum við fyrirtæki. Ég er með 12 manns í vinnu og fyrirtækið er að skila hagnaði.“

Ísland tekur við af Hollandi

SOS Barnaþorpin í Hollandi fjármögnuðu fyrsta stig Atvinnueflingarinnar, í Nígeríu, Malí og Sómalíu, árin 2016-2018 og hjálpuðu á fyrstu tveimur árunum um tvö þúsund ungmennum að fá launaða vinnu. SOS á Íslandi fjármagnar nú annað stig verkefnisins, frá janúar 2019 og út árið 2021. Mun færri komast að en vilja. Yfir 900 umsóknir bárust en 200 einstaklingar komust að, jafnt strákar sem stúlkur.



Úr ræsinu á toppinn

Lífið í SOS barnaþorpum er skiljanlega mjög fjarlægð í hugum okkar Íslendinga enda eru hér engin slík þorp. Margir styrktaraðilar SOS á Íslandi nýttu sér sjaldgæft tækifæri í sumar til að hitta 43 ára Keníamann sem ólst upp í SOS barnaþorpi. Hann var orðinn táníngur þegar hann gerði sér grein fyrir að SOS-móðir hans var ekki blóðmóðir hans.

Ljósmynd: Kristinn Magnússon

Samburu Wa-Shiko er frábært dæmi um barn í neyð sem fékk nýtt tækifæri hjá SOS Barnaþorpunum og hefur náð langt í lífinu. Eftir að hafa hlotið góða menntun starfaði Samburu fyrir virtar stofnanir og er í dag yfirráðgjafi hjá Gates foundation, sjóði Bill og Melinda Gates sem er stærsti einkarekni góðgerðarsjóður í heimi. Samburu og systir hans, sem er tveimur árum eldri, misstu foreldra sína þegar hann var 2 ára og ólust eftir það upp í SOS barnaþorpinu í Mombasa í Kenía. „Það sem er mér minnstæðast frá því ég man fyrst eftir mér er hvað við vorum umvafin mikilli ást og umhyggju SOS mömmu okkar, Lydiu. Ég þekkti ekki aðra móður en hana. Ég skynjaði þessa ást líka frá SOS systkinum mínum á heimilinu,“ segir Samburu sem man fyrst eftir sér í leikskóla í barnaþorpinu um þriggja ára aldur.

Kom aldrei fram við okkur eins og fósturbörn

Samburu var kominn fram á miðjan táningsaldur þegar hann gerði sér grein fyrir því að Lydia var ekki blóðmóðir hans en hann segir að það hafi aldrei skipt sig neinu máli. „Hún kom aldrei fram við okkur eins og fósturbörn.



Samburu Wa-Shiko talar við styrktaraðila SOS á Íslandi.

Þetta var allt eðlilegt og náttúrulegt. Við komum öll fram hvert við annað eins og hefðbundin fjölskylda og gerum enn.“

Börnin vilja vita að öðrum sé ekki sama

Samburu kom hingað til lands í sumar á vegum SOS á Íslandi og átti ánægjulega kvöldstund með styrktaraðilum SOS á Grand hóteli. Þar lagði hann mikla áherslu á mikilvægi styrktarforeldra. Samburu segist hafa verið mjög meðvitaður um styrktarforeldra sína og minnst sérstaklega eins frá Noregi og tveggja frá Þýskalandi.

„Önnur fjölskyldan frá Þýskalandi er mér sérstaklega kær því hún kom reglulega í heimsókn til Kenía og hitti okkur. Við hlökkuðum alltaf mikið til heimsókna þeirra. Ég held að það sem skipti börnin í þorpunum einna mestu máli er að fá þá tilfinningu að einhver úti í heimi láti sig velferð þeirra varða. Að öðrum sé ekki sama um þau.“

Samburu er mjög hlýtt til móðurinnar í þýsku fjölskyldunni sem hann lítur á sem guðmóður sína í dag, heldur reglulegu sambandi við og hefur heimsótt tvisvar.

Hvern hefði grunað?

Menntun átti mjög vel við Samburu sem nýtti sér alla þá menntun sem í boði var í gegnum sterkt menntanet SOS Barnaþorpanna. Þetta gerði honum kleift að uppfylla metnaðarfulla atvinnudrauma. „Ég hef unnið fyrir Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóða efnahagsráðið. Hvern hefði grunað að einhver eins og ég, sem kom nánast úr ræsinu, hefði átt eftir að vinna fyrir þessar virtu stofnanir? Ég á það SOS Barnaþorpunum að þakka.“



Síðasta úthlutun erfðagjafar Önnu

Dvalarheimili á Indlandi fyrir SOS-mæður á eftirlaunum.

Alengt er að einstaklingar víða um heim á nafni SOS Barnaþorpunum eignir sínar að hluta til eða öllu leyti eftir sinn dag. Þannig rætast óskir þess sem erfðaskrána gerði og við getum hjálpað mun fleiri börnum en ella. Þetta hafa nokkrir Íslendingar gert í gegnum tíðina og einn af þeim er Anna Kristín Ragnarsdóttir sem lést árið 2010.

Rúmlega fimmtug að aldri, sumarið 1993, gekk Anna inn á skrifstofu sýslumannsins í Reykjavík. Hún var ógift og barnlaus en hafði styrkt munaðarlausan dreng í Asíu í gegnum SOS Barnaþorpin. Þar sem hún átti enga skylduerfingja gerði hún erfðaskrá og ráðstafaði eigum sínum þannig sjálf.

Eftir dánardag Önnu árið 2010 fengu SOS Barnaþorpin litla íbúð hennar á Spáni og lausafé, samtals um 15 milljónir króna. Anna óskaði eftir því að stofnaður yrði sjóður í hennar nafni, hann ávaxtaður og úthlutaður



Dvalarheimilið í Hojai á Indlandi var vígt í lok júní.

honum eftir ákvörðunum stjórnar SOS í þágu barna. Það hefur nú verið gert í þremur úthlutunum í samræmi við óskir hennar eins og þær koma fram í erfðaskránni.



1,5 m.kr. var varið í að hjálpa sára-fátækum barnafjölskyldum í Níkaragva til sjálfshjálpar í gegnum Fjölskylduefningu SOS þar í landi.



1,7 m.kr. var varið til lóðakaupa og byggingar á húsi fyrir einstæða sex barna móður í Gíneu Bissá. Hún var skjólstæðingur Fjölskylduefningar sem fjármagnað var af SOS á Íslandi og má lesa um á bls 4.



Að lokum var síðustu 10 milljónunum úthlutað í fjármögnun á byggingu heimilis fyrir SOS mæður á eftirlaunum í Hojai á Indlandi sem vígt var nú í lok júní í sumar. (Dvalarheimilið má sjá á myndinni ofar á síðunni.)

Það er auðvelt að gera erfðaskrá og bendum við áhugasömum á að hafa samband við sýslumann eða lögmann. SOS Barnaþorpin á Íslandi geta bent á lögmann sem aðstoða við gerð erfðaskráa.

Finna má ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulag erfðagjafa til SOS barnaþorpanna á www.erfðagjof.is.

Börn hugsa til barnanna



Þessar hæfileikaríku 11 ára stúlkur úr Hafnarfirði, Ellen María Arnarsdóttir og Carmen Ósk Guðlaugsdóttir, tóku sig til og þrjónuðu um það bil 20 húfur. Þær gengu svo í hús í Áslandshverfinu í Hafnarfirði og seldu húfurnar til styrktar SOS Barnaþorpunum. Með því söfnuðu þær 9.250 krónum.



Úlfur Hrafn Indriðason og Snorri Birgisson Flóvenz efndu til tívolíleiks við Kópavogslaug og söfnuðu 5.220 krónum fyrir SOS. Leikurinn gekk út á að fólk borgaði fyrir skot úr leikfangabyssu í þeim tilgangi að skjóta niður númeraðar dósir og var vinningur á bak við hvert númer.

Úlfur segir að þeir félagar hafi viljað gera þetta góðverk því SOS Barnaþorpin „borgi fyrir menntun krakka og hjálpi þeim“ eins og hann orðaði það réttilega. „Ég er ekki svona city-[borgar-] krakki sem gerir ekki neitt nema fyrir sjálfan sig,“ sagði Úlfur þegar hann kom og afhenti SOS framlagið.

Þrjár duglegar og hjartagóðar ungar dömur í Breiðholti tóku sig líka til og söfnuðu pening fyrir SOS Barnaþorpin. Embla Marín Freysdóttir, Sara Karen Sigurðardóttir og Guðný Hrönn Sigurðardóttir gengu í hús og söfnuðu 2.696 krónum fyrir SOS. (Á myndinni eru Sara og Embla en Guðnýju vantar)



Stuðningur þeirra gerir okkur kleift að hjálpa umkomulausum börnum og barnafjölskyldum í sárafatækt.

Sjáðu styrktarleiðirnar á www.sos.is eða gefðu stakt framlag.

130-26-9049 - kt. 500289-2529

Styrktarsímanúmer 9071001 (1.000 kr) eða 9071002 (2.000 kr.)

STYRKARFORELDRAR ÓSKAST

SOS-styrktarforeldrar framfleyta umkomlausu barni og veita því fjölskyldu á ástríku heimili. Barnið fær menntun og öllum grunnþörfum sínum mætt. Sem SOS-styrktarforeldri færðu reglulega sendar myndir og bréf með fréttum af barninu.

Vertu styrktarforeldri og bjargaðu barni.
Skráning á www.sos.is eða í síma 564 2910.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili